

guda og manna. Og þó vjer stöndum á því, að guðs Orð sje fætt af guði á sjerlegan hátt, ólíkan almennum getnaði, þá getur það atriði, eins og áður er sagt, ekki verið neitt óvanalegt fyrir yður, sem segið að Merkúrlus sje guðs engillega Orð. (Apol. 1. kap. 22.).

2. Þú getur ekki haft rjett til að neita að hann (Jesús) sje Kristur (Messías) enda þótt það yrði sýnt, að hanu væri maður, fæddur af mönnum, og þó það yrði sannað, að hann hefði orðið Kristur fyrir útvalningu, því það eru til nokkrir af vorum flokki (þ. e. a. s. kristnum mönnum) sem fallast á, að hann sje Kristur, en standa á því, að hann hafi verið maður, fæddur á vanalegan hátt, þó jeg hafi aðra meiningu um það efni. (Dial cum Thrypho tap. 48.)

Atá. Justin á hjer við Ebionítana, leifarnar af þeim kristnum Gyðingum sem stóðu fast á því, að Jesús væri verulegur maður fæddur af Jósef og Marju. Samt sem áður kemur honum elgt til hugar að neita þeim um kristið nafn, og heldur ekki díríft hann að fullyrða, að sín skoðun sje, efalaust, rjettari en þeirra. Hann er frjálssyndari en margur nú á dögum.

Origenes (f. 185 + 254).

Segir viðvíkjandi orðinu „ljós“ í 1. kap. Jóh. guðsp.

1. Það ljós, sem skín í myrkrinu, og er ekki skilið af því, er ekki hið sama og það, sem ekkert myrkur er í“. Faðirinn og sonurinn eru tvö ljós. (Kom til Jóh. t. 11. § 18.)

2. Vjer trúum, að faðirinn, sonurinn og hinn heil. andi sjeu 3 verur. (Kom. til Jóh. §. 6).

3. Faðirinn, sem sendi hann (Jesús) er alleina góður, og *meiri* en sá, sem sendur var. (Kom til Jóh. t. VI § 23).

4. Það á ekki að gera bæn sína til þess, sem er getinn—ekki einu sinni til Krists sjálfs, heldnr ein-